

112. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
4. 3. 2020 kl. 8:15 – 9:45

Fundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Vilhjálmur Magnússon

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Vilhjálmur Magnússon, Bjarni Guðmundsson, Olga Ingólfisdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Þorvarður Árnason og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Karl Friðriksson, Hrafnkell Guðnason, Ragnhildur Jónsdóttir og Eyrún Helga Ævarsdóttir,

1. Stefnumörkun NP

Farið var yfir lokadrög að stefnumörkun 2020-2024, stefnumörkun samþykkt.

2. Drög að ársreikningi

Farið var yfir drög að ársreikningi, engar athugasemdir.

3. Ársfundur NP

Ársfundur verður haldinn 1. apríl klukkan 16:30 í Nýheimum. Anna Guðrún Edvarðsdóttir mun vera með erindi á fundinum um niðurstöðu verkefnisins „Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun“.

4. Stjórnarfundir NP

Hugrún ræddi tíðni stjórnarfunda og hvort mögulega ætti að gera breytingar á fundarfyrirkomulagi stjórnar. Umræður sköpuðust um málið og ákveðið að funda áfram mánaðarlega en skerpa á skipulagi funda og auka vægi umræðu um samstarf innan Nýheima.

5. Framtíð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Vilhjálmur vakti máls á fréttum um lokun NMÍ og áhrif aðgerðarinnar á Fab Lab smiðjurnar. Umræður sköpuðust um málið, formaður stjórnar mun fylgja málinu eftir.

Önnur mál

Eyjólfur sagði frá því að FAS hefur verið að vinna að umhverfismálum undanfarið. Hluti af þeirri vinnu verður að vinna að Grænum skrefum og grænu bókhaldi. Eyjólfur lagði til að forstöðumenn skoðuðu hvort aðrar stofnanir innan Nýheima gætu unnið að grænum skrefum í starfsemi sinni.

Eyjólfur ræddi síðasta húsfund og lagði áherslu á mikilvægi þess að koma á lýðræðislegum leiðum til að leysa úr ágreiningi sem kann að koma upp.

Kristín minnti fulltrúa í stjórn á að staðfesta raunverulega eigendur inná skattur.is

Kristín sagði frá því að ársfundur Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands verður haldinn 12. mars og um kvöldið verður myndasýning í Nýheimum klukkan 20:00. Þá verður ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands haldinn 17. mars klukkan 20:00 í Nýheimum.

Hugrún Harpa sagði frá því að námskeiðið „Hittu í mark“ er farið af stað og lýkur því um næstu mánaðarmót. Þá mun þekkingarsetrið standa fyrir öðru námskeiði, sem haldið verður 2. apríl, fyrir ungt fólk á Hornafirði. Leiðbeinendur námskeiðsins koma frá fyrirtækinu KVAN og en leiðbeinendur fyrirtækisins hafa áralanga reynslu af námskeiðum og þjálfun fyrir unglunga og ungt fólk.

Hugrún greindi frá því að drög eru komin að leigusamningi við Sveitarfélagið Hornafjörð vegna leigu á skrifstofum í Nýheimum.

Hugrún sagði frá því að í samstarfi við þekkingarnet Þingeyinga er nú unnið að umsókn í Byggðarannsóknasjóð.

Fundi slitið klukkan 9:50



Hugrún Harpa Reynisdóttir